

# Verklag um hreinsunaráttak í Hvalfjarðarsveit

## Þéttbýli:

- Upphaf hreinsunaráttaks er um mánaðarmót maí/júní ár hvert.
- Gámar vegna hreinsunaráttaks verða staðsettir í Melahverfi, Hlíðarbæ og Krosslandi
- Eftirfarandi gámar eru í boði:
  - Gámur fyrir timbur
  - Gámur fyrir járn og dekk
  - Gámur fyrir gróðurúrgang
  - Gámur fyrir almennan (óflokkaðan) úrgang
  - Kör fyrir rafgeyma og spilliefni
- Leiðbeiningar frá þjónustuaðila má sjá á heimasíða Hvalfjarðarsveitar (sjá hér)
- Gámar verða í boði í 2 vikur samfelld.
- Moltugámur verður staðsettur í Melahverfi og Hlíðarbæ. Íbúar skulu ganga snyrtilega um gámasvæðið og setja úrgang í rétta gáma. **Röng flokkun í gáma veldur viðbótarkostnaði.**
- Íbúar eru hvattir til að taka þátt og nýta sér þjónustu sveitarfélagsins.

## Dreifibýli:

- Tímabil hreinsunaráttaks er frá 1. júní til 31. ágúst ár hvert.
- Íbúar í dreifibýli geta pantað samtals 2 gáma í 2 sólarhringa á skrifstofu sveitarfélagsins.
- Eftirfarandi gámar eru í boði:
  - Gámur fyrir timbur
  - Gámur fyrir járn og dekk
  - Gámur fyrir gróðurúrgang
  - Gámur fyrir almennan (óflokkaðan) úrgang
- Sveitarfélagið greiðir fyrir flutning og leigu fyrir gámana, en umsækjandi greiðir fyrir losun og förgun, sbr. gjaldskrá þjónustufyrirtækisins (sjá hér).
- Ef óskað er eftir að gámarnir standi lengur en reglur sveitarfélagsins gera ráð fyrir er það á kostnað umsækjanda.
- Íbúar skulu ganga snyrtilega um og setja úrgang í rétta gáma. **Röng flokkun í gáma veldur viðbótarkostnaði sem fellur á umsækjanda.**
- Íbúar eru hvattir til að taka þátt og nýta sér þjónustu sveitarfélagsins.

## Frístundabyggðir:

- Tímabil hreinsunaráttaks er frá 1. júní til 31. ágúst ár hvert. Gámarnir eru í boði 11 daga samfleytt innan tímabilsins og tímasetninguna þarf að ákvarða í samráði við fulltrúa sveitafélagsins.
- Forsvarsmenn frístundahverfa, sem falla undir reglur sveitarfélagsins um gámavelli, geta pantað gáma á skrifstofu sveitarfélagsins.
- Eftirfarandi gámar eru í boði:
  - Gámur fyrir timbur
  - Gámur fyrir járn
  - Gámur fyrir gróðurúrgang
- Ef óskað er eftir að gámarnir standi lengur en reglur sveitarfélagsins gera ráð fyrir er það á kostnað viðkomandi sumarhúsafélags.
- Notendur skulu ganga snyrtilega um og setja úrgang í rétta gáma. **Röng flokkun í gáma veldur viðbótarkostnaði sem fellur á viðkomandi sumarhúsafélag.**
- Frístundahúsaeigendur eru hvattir til að taka þátt og nýta sér þjónustu sveitarfélagsins.